

Fréttatilkynning

Upplýsingar til neytenda.

Innköllun á Indversku Dukkah.

Með hliðsjón af neytendavernd vill Yndisauki ehf. koma á framfæri eftirfarandi upplýsingum til neytenda.

Indverskt Dukkah framleitt af Yndisauka inniheldur salthnetur en á umbúðum vörunnar vantar að upplýsa að salthnetur eru **jarðhnetur**. **Jarðhnetur** eru þekktur ofnæmis- og ópolsvaldur.

Yndisauki hefur því í samstarfi við Matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ákveðið að innkalla vöru. Sala á vörunni mun verða stöðvuð þar til merkingar hafa verið lagfærðar.

Tekið skal fram að varan er skaðlaus öðrum en þeim sem hafa ofnæmi fyrir **jarðhnetum**. Neytendur sem kunna að eiga vöruna og hafa ofnæmi eða óþol fyrir jarðhnetum er bent á að neyta hennar ekki eða skila til Yndisauka ehf.

Indverskt Dukkah frá Yndisauka hefur verið í sölu í Melabúðinni Hagamel, Fjarðakaup, Mosfellsbakaríi Háaleitisbraut og Háholt (Mosfellsbæ), Heilsuhúsinu Lágmúla, Heilsuhúsinu Smáranum, Heilsuhúsinu Laugavegi og Heilsuhúsinu Kringlunni, Hagkaupsverslunum og Bakaríinu við brúna Akureyri.

Á myndinni er umrædd vara

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 5118090

